

Reykjavík, 12. júlí 2019

## **Samkomulag um sátt vegna brota Eaton Vance Management á 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti**

Hinn 25. mars 2019 gerðu Fjármálaeftirlitið og Eaton Vance Management, hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brota á 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 86. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, hér eftir vvl., með því að hafa í sex skipti látið fyrirfarast að tilkynna um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun) innan lögboðinna tímamarka.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 14.600.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þessi eigi sér ekki stað á ný.

### **Málsatvik**

Málsaðili hefur brotið gegn 86. gr. vvl. í tengslum við sex flöggunartilkynningar. Tilkynningarnar eru eftirfarandi:

1. Tilkynning um flöggun í Regin hf. Samkvæmt tilkynningunni var viðskiptadagurinn og dagurinn sem flöggunarskylda stofnaðist 7. nóvember 2018. Tilkynningin var send 9. nóvember 2018. Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. vvl. hefði tilkynningin átt að vera send eigi síðar en 8. nóvember 2018.
2. Tilkynning um flöggun í Tryggingamiðstöðinni hf. Samkvæmt tilkynningunni var viðskiptadagurinn og dagurinn sem flöggunarskylda stofnaðist 21. ágúst 2018. Tilkynningin var send 23. ágúst 2018. Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. vvl. hefði tilkynningin átt að vera send eigi síðar en 22. ágúst 2018.
3. Tilkynning um flöggun í N1 hf. Samkvæmt tilkynningunni var viðskiptadagurinn og dagurinn sem flöggunarskylda stofnaðist 11. júní 2018. Tilkynningin var send 13. júní 2018. Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. vvl. hefði tilkynningin átt að vera send eigi síðar en 12. júní 2018.
4. Tilkynning um flöggun í Vátryggingafélagi Íslands hf. Samkvæmt tilkynningunni var viðskiptadagurinn og dagurinn sem flöggunarskylda stofnaðist 9. nóvember 2017. Tilkynningin var send 13. nóvember 2017. Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. vvl. hefði tilkynningin átt að vera send eigi síðar en 10. nóvember 2017.
5. Tilkynning um flöggun í Regin hf. Samkvæmt tilkynningunni var viðskiptadagurinn og dagurinn sem flöggunarskylda stofnaðist 30. október 2017. Tilkynningin var send 1.

nóvember 2017. Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. vvl. hefði tilkynningin átt að vera send eigi síðar en 31. október 2017.

6. Tilkynning um flöggun í Sjóva-Almennum tryggingum hf. Samkvæmt tilkynningunni var viðskiptadagurinn og dagurinn sem flöggunarskylda stofnaðist 29. september 2017. Tilkynningin var send 3. október 2017. Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. vvl. hefði tilkynningin átt að vera send eigi síðar en 2. október 2017.

Þessi sátt er gerð í samræmi við 142. gr. vvl.

### Lagagrundvöllur

Eigandi sem aflar eða ráðstafar hlutum í útgefanda hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skuli senda með sannanlegum hætti tilkynningu til viðkomandi útgefanda og Fjármálaeftirlitsins ef öflun eða ráðstöfun leiðir af sér að atkvæðisréttur hans nær, hækkar yfir eða lækka niður fyrir 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 2/ 3 og 90%, sbr. 1. mgr. 78. gr. vvl. Tilkynning skal send til útgefanda og Fjármálaeftirlitsins eins fljótt og auðið er og eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að flöggunarskylda stofnaðist, sbr. 1. mgr. 86. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssekt á þann aðila sem brýtur gegn 86. gr. vvl., sbr. 20. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi skv. nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 3. mgr. 141. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitið getur lokið máli vegna brots á 86. gr. vvl. með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiriháttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. vvl. og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

### Sektarfjárhæð

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 4. mgr. 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til mikilvægis flöggunartilkynninga en þeim er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðarins með því að upplýsa um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í útgefendum. Flöggunartilkynningar stuðla að vitneskju um hverjir það eru sem ráða verulegum atkvæðisrétti í útgefandanum og eru líklegir til að hafa áhrif á stjórnun þeirra. Þá var hér um að ræða sex sjálfstæð brot gegn 1. mgr. 86. gr. vvl.

að ræða þar sem aðili sendi flöggunartilkynningu einum viðskiptadegi of seint í öllum tilvikum. Auk þessa tók Fjármálaeftirlitið tillit til þess að málsaðili hefur ekki á síðustu 5 árum brotið gegn ákvæðum vvl.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brota, heildarveltu málsaðilans m.v. ársreikning hans fyrir árið 2017, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 14.600.000 krónur.

### **Réttaráhrif**

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. vvl. og reglna nr. 728/2014.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið felld það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.